Úttekt á gæðum Framvegis, miðstöð símenntunar
Úttekt framkvæmd af StarfsGæði ehf
Gunnar Gíslason 18. maí 2022

StarfsGæði ehf – Hraungerði 4 – 600 AKUREYRI

gg@akmennt.is

Úttekt á gæðum hjá Framvegis, miðstöð símenntunar

Inngangur

Heimsókn matsaðila var 18. maí 2022. Viðstaddir voru Vigdís Þyri Ásmundsdóttir framkvæmdastjóri og Helga Tryggvadóttir náms- og starfsráðgjafi sem tóku þátt í mati allra þáttanna.

Gengið var um húsakynnin og kennslu- og vinnuaðstaða skoðuð. Þegar matsfundur hófst var fyrst farið yfir niðurstöður sjálfsmats á fræðsluhluta starfseminnar. Fulltrúar Framvegis kynntu starfsemina og jafnframt var farið kerfisbundið yfir öll viðmið EQM og EQM+ og þau rædd. Að auki var farið yfir gagnagrunn, heimasíðu, skráningasíðu, öryggisráðstafanir, persónuvernd og almennt mat á Framvegis. Þegar umræðu og mati á fræðsluhlutanum var lokið var farið á sama hátt yfir náms- og starfsráðgjöfina og að lokum raunfærnimatið. Matsaðili undirbjó heimsóknina með nákvæmri yfirferð á sjálfsmati Framvegis og bar fram spurningar eftir því sem við átti.

Helstu niðurstöður

Fræðsla

Hvorki voru gerðar athugasemdir við framkvæmd sjálfsmats á fræðslu Framvegis né notkun mats á starfsemi miðstöðvarinnar. Persónuverndarstefna hefur verið uppfærð og innleidd, en einstaklega vel er staðið að sjálfsmati, vinnureglum, skjalastjórnun, þarfagreiningum, samskiptum bæði innanhúss og utan svo og notkun viðmiða við gæðastjórnun. Starfsmenn Framvegis axla fulla ábyrgð á vinnu sem er á þeirra vegum og sýna ríkulegan vilja til að tryggja að allir sem að fræðslu koma uppfylli nákvæmlega þau viðmið EQM.

Náms- og starfsráðgjöf

Hvorki voru gerðar athugasemdir við framkvæmd sjálfsmats á náms- og starfsráðgjöf né notkun mats á starfsemi setursins. Persónuverndarstefna hefur verið uppfærð innleidd, en einstaklega vel er staðið að sjálfsmati, gerð vinnureglna, skjalastjórnun, þarfagreiningum, samskiptum bæði innanhúss og utan svo og nýtingu viðmiða við gæðastjórnun. Líkt og áður er rík áhersla á að starfsmenn taki fulla ábyrgð sinni vinnu og tryggi með þeim hætti að allir sem að náms- og starfsráðgjöf koma uppfylli þau viðmið sem krafist er í EQM+.

Raunfærnimat

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) hefur lagt fram nákvæma lýsingu á hvernig raunfærnimatið skuli framkvæmt og Framvegis fer nákvæmlega eftir þeim lýsingum. Við yfirferð á gæðaviðmiðunum EQM+ og gögnum þeim tengdum komu engar athugasemdir fram frá matsaðila. Starfsfólk FS leggur megin áherslu á að allir sem að

raunfærnimatinu koma uppfylli þau viðmið sem krafist er af EQM+ og tryggi með þeim hætti vönduð og áreiðanleg vinnubrögð.

Niðurstöður úttektar

Allir starfsmenn sem tóku þátt í viðtalinu voru mjög vel að sér um starfsemina og í stakk búnir til að svara öllum spurningum sem upp komu. Starfsemi Framvegis er afar vel skipulögð, með skráningarsíðu og gagnabanka sem er til mikillar fyrirmyndar, mjög góða aðstöðu fyrir bæði námskeið og starfsfólk og sjálfsmat sem byggir á stöðlum EQM. Þeirra eigin væntingar til starfseminnar og nýtingar á sjálfsmatsferli og gæðaeftirliti sem uppfyllir öll skilyrði EQM og EQM+ eru miklar.

Það er til fyrirmyndar að birta sjálfsmatsskýrslu á heimasíðu miðstöðvarinnar. Matsaðili benti á að það gæti styrkt matið að taka fram í skýrslunni hver viðmið um gæði eru og hvernig gæðamatið mætir þeim viðmiðum, en þau eru til og birt í gæðahandbók.

Akureyri 22.05.2022

